

Lög

um breytingu á lögum um Orkusjóð, nr. 76/2020 (Loftslags- og orkusjóður).

1. gr.

- Í stað orðsins „Orkusjóður“ í 1. másl. 1. mgr. 2. gr. og 1. másl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Loftslags- og orkusjóður.
- Í stað orðsins „Orkusjóðs“ í 1. mgr. 2. gr., 1., 2. og 3. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 6. gr., 7. gr., 2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Loftslags- og orkusjóðs.
- Í stað orðsins „Orkusjóði“ í 1. og 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 5. gr. og 1. másl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Loftslags- og orkusjóði.

2. gr.

Fyrirsögn 1. gr. laganna orðast svo: *Loftslags- og orkusjóður.*

3. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Loftslags- og orkusjóður skal enn fremur styðja við nýsköpunar- og innviðaverkefni á sviði loftslagsmála, verkefni sem stuðla að innleiðingu hringrásarhagkerfisins og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga.

Jafnframt er hlutverk Loftslags- og orkusjóðs að sjá um beinar stuðningsaðgerðir, svo sem styrki til kaupa á rafbílum og styrki til jarðhitaleitar, eftir atvikum hverju sinni.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

1. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar fimm einstaklinga í stjórn Loftslags- og orkusjóðs til fjögurra ára. Formaður skal skipaður án tilnefningar og honum til viðbótar skipar ráðherra einn fulltrúa án tilnefningar, einn fulltrúa, sem hefur þekkingu á loftslagsmálum, samkvæmt tilnefningu háskólasamfélagsins, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins og einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu umhverfisverndarsamtaka.
- Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Stjórninni er þó heimilt að framselja óháðum aðila faglega umsýslu sjóðsins samkvæmt samningi.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir sem teknar eru um að veita styrki úr Loftslags- og orkusjóði eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

5. gr.

Orðin „og framlög“ í 1. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um Loftslags- og orkusjóð.**

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2024.

8. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um loftslagsmál, nr. 70/2012:*
 - a. 4. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.
 - b. IX. kafli laganna ásamt fyrirsögn fellur brott.
2. *Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003:* Í stað heitisins „Orkusjóði“ í ákvæði til bráðabirgða LXXVII í lögunum kemur: Loftslags- og orkusjóði.

Samþykkt á Alþingi 23. júní 2024.